



### GARÐ – OG SKÓGARFUGLAR

#### INNGANGUR

Ýmsir skógarfuglar finna sér búsvæði í görðum og ræktunarsvæðum fólks. Þeir sem rækta tré og skóg til útivistar og yndis leggja jafnan mikið upp úr fjölbreyttu umhverfi. Það ræktunarfólk getur með markvissum aðgerðum búið verulega í haginn fyrir fugla í görðum og ræktunarsvæðum og aukið þannig fuglalífið til muna.

Í þessu Frækorni er bent á nokkrar leiðir til þess að auðga fuglalíf og skapa þeim betri aðstæður. Umfjöllunin á við um minni skóg- og trjáræktarsvæði, svo sem garða og sumarhúsaloðir.



Fjölbreytni er mikilvæg á ræktunarsvæðunum til að auðga fuglalífið. Í raun má segja að fjölbreyttur gróður sé forsenda fjölbreytts fuglalífs. Á myndinni er dæmi af slíku ræktunarsvæði. Þar eru ræktaðir ýmsir berjarunnar og tré sem fjölmargir fuglar sækja í. Mikilvægt er að þar vaxi tíguleg grenitré, en þau eru ein bestu varptré skógarfuglanna. Þar eru skilin eftir opin svæði fyrir mófugla og eins er tjörn þar sem fuglar eiga aðgang að vatni. Jafnframt hefur verið komið upp fóðurbretti og varpkössum til að búa í haginn fyrir fugla og auðvelda fólki að fylgjast með fuglalífinu.

## FJÖLBREYTTUR GRÓÐUR – FJÖLBREYTT FUGLALÍF

Hér á landi verpa mun færri tegundir spörfugla en annarsstaðar í Evrópu. Hins vegar getur fjöldi einstaklinga verið mikill. Á ræktunarsvæðum fólks, svo sem görðum og sumarhúsaloðum, er helstar að telja skógarþresti, stara, auðnutittlinga, músarrindla, maríuerlur, snjótittlinga og núna síðustu ár glókolla og svartþresti. Einnig sækja ýmsir flækingsfuglar gjarnan í skjól ræktunarsvæðanna, ekki síst í fóðurgjafir á vetrum þegar sverfur að. Hrossagaukar, þúfuttittlingar og rjúpur eru einnig algengar tegundir á sumarbústaðasvæðum víða um land.

Sú viðleitni að búa í haginn fyrir fuglana á ræktunarsvæðunum kemur margfalt til baka í formi ánægju og undrunar, sem felst í því að uppgötva heim fugla.

Hægt er að velja til ræktunar ákveðnar trjá- og runnategundir, þangað sem mismunandi fuglategundir sækja fæðu, skjól og varpstæði. Með því að rækta bæði hávaxnar og lágvaxnar tegundir er hægt að skapa mismunandi fuglategundum verustaði og æti.

Fjöldamargar trjátegundir hafa einhvern þessara eiginleika, en hins vegar má nefna sérstaklega eftirtalдар tegundir:

Trjátegundir	Nokkrir eiginleikar
Birki	Fræ, brum, skordýr, skjól og varp
Reyniviður	Ber mikilvæg fæða
Silfurreynir	Ber
Gráreynir	Ber
Álmur	Skordýr
Sitkagreni/blágreni	Frábær skjól- og varptré, skordýr, fræ
Rússalerki	Gott varptré
Stafafura	Gott varptré, fræ

Athugið að þessir listar eru alls ekki tæmandi heldur ætlaðir til að gefa hugmyndir um tegundaval.

Klifurplöntur, líkt og bergfléttur og vaftoppur, skapa einnig ágæt hreiðurstæði og náttstaði. Þær má láta vaxa upp stór tré eins og alaskaaspir, sem víða eru í görðum og sumarhúsaloðum og skapast þannig úrvals fuglatré.

Fjöl margar runnategundir eru mikilvægar fyrir fuglalíf. Þeim má skipta í berjarunna og runna sem geta verið með miklu skordýralífi, brumum eða annari fæðu.

Berjarunnar
Vaftoppur
Dúntoppur
Skógartoppur
Gulltoppur
Gljámispill
Rífs
Sólber
Stiklisber
Yllir
Hafþyrnir
Snjóber
Aðrir runnar
Loðvíðir, brekkuvíðir (og fjölmargar aðrar víðitegundir)
Úlfareynir
Hjónarós

Auðnutittlingar eru fræætur, sérstaklega sólgfir í birkifræ sem er þeirra aðalfræða. Þeir taka einnig bartrjáfræ og ýmist annað fræ, ef birkifræ skortir.



Skordýr eru aðalfræða fjöldamargra skógarfugla. Ýmsar fiðrildalirfur og blaðlýs skipta þar mestu. Skógarprestir sækja mikið í skordýr á vorin og sumrin. Einnig má benda á að undir laufi sem liggur á jörðinni fram eftir hausti eru oft ýmis skordýr og sniglar. Bæði svartprestir, skógarprestir og músarrindlar róta auðveldlega í laufinu til að finna æti.



Með ræktun berjarunna og -trjáa er hægt að búa mjög í haginn fyrir og auðga fuglalíf á ræktunarsvæðinu. Einnig fjölga fuglar mörgum trjá- og runnategundum með því að éta berin og drita síðan fræjum. Þar má nefna rífs, ylli og reynivið. Skógarprestir sækja mikið í reyniber, en þau eru afar mikilvæg fræða fugla á haustin.




Hingað til lands flækjast fjöldamargar fuglategundir. Með aukinni skóg- og trjárækt virðast ýmsar tegundir vera að nema hér land og má nefna þar glókoll og svartbröst. Silkitoppur eru ein þeirra fuglategunda sem eru hér reglulegir flækingar. Silkitoppur vill helst ávexti að éta yfir veturinn og má gjarnan bera út epli fyrir hana eða þræða upp á grannar trjágreinar.



## FÓÐURBRETTI OG VARPKASSAR

Ýmis einföld mannvirki er hægt að setja upp til að búa í haginn fyrir fuglana og auðvelda fólki að fylgjast með daglegu amstri þeirra.



Fóðurbretti eru einföld smíði, sem ýmsar fuglategundir læra fljótt að nota. Fuglar sækja einkum í fóður yfir vetrarmánuðina, en á brettin má til dæmis setja fuglafóður og epli. Í gördum eru brettin þarfaþing því þau veita nokkuð öryggi gagnvart köttum.

Varpkassar hvetja fugla til að verpa í skóginum og auðvelda það að fylgjast með þeim athöfnum. Mismunandi kassar henta ólíkum tegundum fugla. Stari er sérlega duglegur að verpa í kassa, en einnig skógarprestir, mariuerlur og stöku músarrindlar. Starakassar þurfa að vera lokaðir með um 5 cm opi ofarlega á einni hliðinni, líkt og sést hér á myndinni. Skógarprestir og mariuerlur vilja hins vegar opna kassa.



ISSN 1605-5020



SUÐURLANDSSKÓGAR



Höfundur: Einar Þorleifsson og Jón Geir Pétursson - Teikningar: Aðalsteinn Sv. Sigfússon  
Umsjón: Prentsmiðjan Viðey ehf. - Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík. [www.skog.is](http://www.skog.is)